

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2012****2012/EES/50/05****frá 30. apríl 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 169/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir díklasúrili sem fæðuaukefni fyrir perluhænsni (handhafi leyfis Janssen Pharmaceutica N.V.) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1190/2011 frá 18. nóvember 2011 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 að því er varðar heiti handhafa leyfis fyrir fæðuaukefninu bensósýru (VevoVital) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 frá 5. desember 2011 um leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) sem fæðuaukefnum fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fæður. Ákvæði löggjafar um fæður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006):

„eins og henni var breytt með:

- **32011 R 1190**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1190/2011 frá 18. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 302, 19.11.2011, bls. 28).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2007):

„eins og henni var breytt með:

- **32011 R 1190**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1190/2011 frá 18. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 302, 19.11.2011, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 302, 19.11.2011, bls. 28.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 322, 6.12.2011, bls. 3.

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2zu (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1111/2011):

„2zv. **32011 R 0169**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 169/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir díklasúrili sem fôðuraukefni fyrir perluhænsni (handhafi leyfis Janssen Pharmaceutica N.V.) (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 6).

2zw. **32011 R 1263**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 frá 5. desember 2011 um leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) sem fôðuraukefnum fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 322, 6.12.2011, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 169/2011, 1190/2011 og 1263/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.